

Reykjavík 27.07.2019

*Umsögn um textadrög þverpólíttískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.*

Fuglavernd fagnar þessu framlagi í átt að þjóðgarði á miðhálandinu. Félagið telur nefndina hafa unnið gott starf og skilað vel skiljanlegum textadrögum og að mörgu leyti ásættanlegum en vill þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

#### **Mörk þjóðgarðsins**

Fjallað er skilmerkilega um tillögu að mörkum þjóðgarðsins í samnefndum kafla. Þykir félaginu ástæða til að innlima í þjóðgarðinn þær ríkisjarðir sem liggja að mörkunum sem þjóðlendur gefa. Ríkið ætti auk þess að neyta færiss og kaupa jarðir sem liggja að mörkunum þegar þær fara í sölu.

Fuglavernd hvetur til að útvíkka mörkin til norðurs allt til ármóta við Svartá og að Svartá og Suðurá verði hluti af þjóðgarðinum. Bæði er röð fagurra fossa í fljótinu og Svartá og Suðurá eru einhverjar vatnsmestu lindir landsins sem fóstura auðugt lífríki.

Fuglavernd mælir með því að fundnar verði leiðir til að tengja Jökulsárgljúfur og þar með talið Ásbyrgi betur við þjóðgarðinn. Friðlýsing er nú þegar í undirbúningi fyrir þetta svæði og sterkara fyrir svæðið og þjóðgarðinn að vera ein samhangandi landræðileg heild. Landfræðilega tengingin er Jökulsá á Fjöllum og þeir farvegir sem hún hefur grafið á leið sinni til sjávar síðustu 10 þúsund árin.

#### **Tillögur nefndar um skiptingu landsvæða í verndarflokka IUCN**

Í gegnum Breska konunglega fuglaverndarfélagið höfum við fengið að fylgjast með hvernig Bretar hafa hagað hlutum í Cairngorms þjóðgarðinum en félagið hlaut nýlega stóran styrk frá Landscape Restoration Programme til að endurheimta búsvæði innan þjóðgarðsins. Í Cairngorms er að finna mjög góð dæmi um afmörkun þar sem blandaðar leiðir eru farnar í verndun og verndarflokkum, þar sem saman fer vernd, búseta, landbúnaður og önnur atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins. Einnig gerir framtíðarsýn fyrir þjóðgarðinn ráð fyrir endurheimt stærri svæða. Á sama hátt mætti gera ráð fyrir endurheimt náttúrulegra búsvæða í fyrirhuguðum miðhálandisþjóðgarði á Íslandi. Það svæði er ekki eins ósnert og margir vilja vera láta, enda hefur ósjálfbær nýting, einkum ofbeit, valdið gróður- og jarðvegseyðingu.

Þau svæði sem nefndin vill setja undir flokk VI ættu að falla undir flokk II, eins og er ríkjandi verndarflokkur fyrir núverandi þjóðgarð. Flokkur II ásamt verndar- og nýtingaráætlun ætti að geta virkað ágætlega fyrir hagsmunaaðila þó að krafan ætti alltaf að vera að nýting sé sjálfbær innan þjóðgarðs, sem þó hefur ekki verið hingað til. En með því yrði verndarsvæðið samfellt, með sömu



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ [fuglavernd@fuglavernd.is](mailto:fuglavernd@fuglavernd.is)

áherslur og þar af leiðandi auðveldara að eiga við verndun og nýtingu. Flokkur II gefur rými fyrir hefbundna sjáfbæra landnýtingu.

Varðandi að setja iðnaðarsvæðin í flokk V, þá telur félagið gott mál að hafa þau innan þjóðgarðs þar sem passa þarf upp á að hvers kyns framkvæmdir skemmi ekki landslagsheildir og ávallt skal miðað að því að gera núverandi mannvirki sem minnst sýnileg og truflandi. Í því samhengi má benda á Fiordland þjóðgarðinn á Nýja Sjálandi þar sem orkuvinnsla á sér stað innan þjóðgarðsins en öll mannvirki eru neðanjarðar.

**Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar**

**Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri.**